

SAMNINGUR

Velkomin!

Ég er rosalega spennt að vera markþjálfari þinn og get ekki beðið eftir að vera með þér í því að skapa þér líf sem þú virkilega vilt lifa - í stíl við þín gildi og þína sýn!

Hér kemur okkar samningur og ekki hika við að senda mér ef þú hefur einhverjar spurningar í sambandi við hann.

Þú ert að ráða mig vegna þess að þú vilt gera breytingar í lífinu þínu. Breytingar sem verða geta gerst hratt, eða hægt. Það fer eftir mörgum þáttum, vegna þessa þá höfum við þennan samning og ég vil biðja þig að staðfesta að þú ert tilbúin að skuldbinda þig við okkar tíma saman svo við fáum tækifæri að virkilega sjá breytingarnar sem þú vilt gera, með krafti.

Nafn: _____

Dagsetning: _____ Símanúmer: _____

Netfang: _____

Þjónustan: Þú plantar tíma í gegnum XXX forrit og við notum ZOOM forritið fyrir okkar tíma, ég mun senda þér link sem þú getur notað fyrir okkur tíma, ég mæli með að gefa þér 5-10 mínútur fyrir tímann, þá sérstaklega fyrsta tímann, og skrá þig inn svo allt gangi og við getum notað okkar tíma sem best.



Ef þú vilt breyta okkar umsamda tíma þá verður þú að gera það með að minnsta kosti 24 tíma fyrirvara nema um neyðartilvik sé að ræða eða veikindi. Ef þú ætlar að breyta tíma þá skalt þú finna nýjan tíma innan sömu viku í staðinn.

Fyrsti tíminn okkar er einn og hálfur tími, en tímar eftir það eru ein klukkustund. Við tölum saman einu sinni í viku.

Öll okkar samskipti eru trúnaðarmál.

Vinsamlegast skrifaðu undir hér að neðan þegar þú ert búin að lesa yfir og ef þú ert sammála

Ég hef lesið og er sammála

- Ég er sérfræðingurinn í mínu lífi og veit öll svörin, en stundum þarf aðstoð við að spyrja réttu spurninganna.
- Sylvía er hér til að spyrja spurninga ekki til að veita meðferð eða ráðleggja, en getur komið með hugmyndir ef við á.
- Sylvía mun veita mér aðhald og fókus, en vinnan verður alltaf mín.
- Við heitum trúnaði við hvor aðra.
- Sylvía hefur leyfi til að senda mér verkefni og spyrjast fyrir um hvernig gengur bæði varðandi heimaverkefni og þau plön sem ég set mér.
- Ég ætla að láta Sylvíu vita ef ég vil fara hægar eða ef mér finnst eitthvað óþægilegt.
- Ég ætla að láta Sylvíu vita ef ég vil meira aðhald og ef mér finnst hún þurfi að vera ýtnari eða gera meiri kröfur til mín.
- Ég er tilbúin að bera 100% ábyrgð á þeim ákvörðunum sem ég tek og framkvæmi, eða framkvæmi ekki.
- Ég skil að árangurinn er 100% á mína ábyrgð og háður því hversu vel ég legg mig fram og vinn þá vinnu sem ég set mér/samþykki að framkvæma

Ég hef lesið og samþykki það sem stendur hér að ofan.

Undirskrift

Dagsetning

